

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 101. fundur haldinn mánudaginn 10. desember 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur.

**Gestir fundarins:** Biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, og biskupsritari, sr. Þorvaldur Víðisson.

### 1. Setning fundar

Formaður setti fundinn kl. 13:00 og bauð biskup og biskupsritara velkomin á fundinn, en ætlunin væri að kynna fyrir þeim starfsemi Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambands Íslands.

### 2. Kynning

#### *Kirkjugarðaráð, almenn kynning:*

Guðmundur Rafn framkvæmdastjóri kynnti starfsemi ráðsins og fór yfir starfsemi þess. Hann rakti hlutverk Kirkjugarðasjóðs og sýndi myndir af verkum vítt og breytt um landið sem sjóðurinn hefur styrkt. Að lokum fór hann yfir helstu framtíðarverkefni ráðsins sem eru m.a. að halda áfram gerð skipulagsupphátta fyrir kirkjugarða og umhverfi þeirra og vinna í samstarfi við Minjastofnun Íslands að skráningu allra minningarmarka hundrað ára og eldri og stuðla að áframhaldandi tölvuskráningu allra kirkjugarða landsins í einn samræmdan gagnagrunn.

#### *Kirkjugarðaráð, uppmæling og kortlagning:*

Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri hjá ráðinu kynnti vinnu sína við uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans og gerð lóðarblaða, upphátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða. Sýndi hann hvernig gps-mælingar hans nýtast sem grunnur fyrir skipulag garðanna og í vinnu við gerð lóðarblaða fyrir kirkjur og kirkjugarða, en víða hefur ekki verið gengið á formlegan hátt frá þeim málum.

#### *Kirkjugarðasamband Íslands:*

Þórsteinn Ragnarsson formaður sambandsins kynnti starfsemi þess. Rakti hann tilurð sambandsins, en það var stofnað í desember 1995 eftir nokkra undirbúningsvinnu sem meðal annars fólst í því að kanna þörf á slíku sambandi hér á landi. Hlutverk sambandsins er m.a. að efla samstarf starfsmanna og stjórnna kirkjugarða, gæta hagsmuna kirkjugarða á sviði fjármála gagnvart stjórnvöldum og gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra. Hefur sambandið m.a. gefið frá stofnun út tímaritið Bautastein sem kemur út einu sinni á ári og eins rekur sambandið vefinn Gardur.is sem er upplýsingavefur um kirkjugarða þar sem m.a. eru birtar legstaðaskrár og upphátta af kirkjugörðum.

Biskup þakkaði fyrir áhugaverða kynningu og lýsti yfir ánægju sinni með hana. Eftir almennar umræður um málefni kirkjugarða yfirlögðu biskup og biskupsritari fundinn.

**3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu**

Þórsteinn fór yfir stöðu mála, en lítið sem ekkert hefur gerst í málinu síðan það var rætt á fundi ráðsins þann 16. apríl, þrátt fyrir eftirrekstur af hendi KGSÍ.

**4. Athugun Ríkisendurskoðunar á fjárhag kirkjugarða**

Þórsteinn, Valtýr og Smári fóru á fund Ríkisendurskoðunar þann 14. maí s.l. og lögðu fram nokkrar spurningar sem þeir óskuðu eftir svörum við. Svör hafa enn ekki borist og hefur Þórsteinn ítrekað við Ríkisendurskoðun að fá svör við þessum spurningum.

**5. Næsti fundur**

Næsti fundur sem er úthlutunarfundur ákveðinn mánudaginn 10. febrúar kl. 10.00.

**6. Önnur mál**

Engin

Fundi slitið kl. 16:15.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
ritari